


VLR-010	<p style="text-align: center;">Verklagsreglur vegna beiðna um úttekt úr fræðslu- og menntunarsjóð SHA</p>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Reglur þessar gilda um úthlutanir úr fræðslu- og menntunarsjóði SHA til félagsmanna.

2.gr.

Um fræðslu- og menntunarsjóð SHA


Markmið sjóðsins er að styrkja stúdenta, t.a.m. til útgáfustarfsemi, námskeiðs- og ráðstefnusóknar ,fræðslu- og rannsóknarstarfsemi eða annara verkefna sem tengjast námi þeirra eða störfum í þágu félagsins.

Mögulegur styrkur tekur mið af staðfestum kostnaði vegna náms- og þátttökugjalda, ferðakostnaðar og gistingar.

Beiðnir um styrk úr sjóði þessum eru lagðar fyrir stúdentaráð sem skal taka umrædda beiðni til umfjöllunar og getur hafnað eða samþykkt í heild eða að hluta.

Falli tilgangur styrkveitingar niður eftir að styrkur hefur verið greiddur ber styrkþega að endurgreiða styrkinn í heild sinni eigi síður en 30 dögum eftir að honum varð ljóst eða mátti verða ljóst að tilgangur hafi eða muni falla niður. t.

Styrkir úr sjóðnum skulu einungis veittir fyrir kostnað sem ekki er greiddur af öðrum aðila, svo sem stéttarfélagi, skóla eða aðildarfélagi SHA. Hljóti styrkþegi fjármagn annars staðar frá,

VLR-010	<p>Verklagsreglur vegna beiðna um úttekt úr fræðslu- og menntunarsjóð SHA</p>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

fyrir umræddu verkefni, eftir að styrkur hefur verið greiddur út ber honum að endurgreiða SHA innan 30 daga frá því að greiðsla barst frá þriðja aðila.


Berist ábending þess efnis að styrkþegi hafi einnig þegið styrk frá þriðja aðila eða tilgangur styrkveitingar fallið niður, skal framkvæmdastjórn SHA bera málið undir stúdentaráð, sem skal taka ákvörðun um hvort að krefjast skuli endurgreiðslu.

3.gr.

Beiðni

Formleg beiðni skal berast í gegnum skráningarform á vefsíðu SHA eða á netfangið sha@unak.is. Beiðnin skal innihalda eftirfarandi:

- Nafn, kennitala og símanúmer
- Staðfesting á skólavist við Háskólann á Akureyri og námsleið.
- Hvað felst í verkefninu, rannsókn, ráðstefnu, opinberum fyrirlestrum, útgáfustarfsemi osfrv.
- Fjármagnsupphæð (ATH. 50.000 kr. hámark)
- Ef einstaklingur hefur fengið styrk annars staðar frá skal hann gera grein fyrir því.
- Rökstuðningur fyrir því af hverju einstaklingurinn eigi að fá styrkinn.
- Greiðslukvittun.

VLR-010	<p>Verklagsreglur vegna beiðna um úttekt úr fræðslu- og menntunarsjóð SHA</p>	
Útg. 04		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

4.gr

Umsóknarfrestur og ákvarðanataka

Hægt er að sækja um styrk allt að 3 mánuðum eftir að tilefni styrktarbeiðni er yfirstaðið. Stúdentaráð getur falið framkvæmdastjórn að óska eftir frekari gögnum eða skýringu. Eftir umræðu stúdentaráðs skal beiðni lögð fram til samþykktar og telst beiðni samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða. Einungis er gerð grein fyrir niðurstöðum atkvæðagreiðslu í heild sinni, jafnt til mögulegs styrkþega sem og í fundargerð.

5.gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.